

59 Reykjavíkurbær, sem dvalarsveit sjúklings þessa, eigi að bera þenna hluta **20. nóv.** samkvæmt lögum nr. 33, 20. okt. 1913, sbr. 69. gr. fátækralaganna. Hafið þjer með tilvísun til úrskurðar í Stjórnartíðindunum 1910, B-deild bls. 281, og með því að telja verði að 1. gr. laga nr. 61, 27. júní 1921 hafi í engu takmarkað gildi laga nr. 33, 20. okt. 1913, fallist á þennan skilning í úrskurði yðar.

Við þetta er það að athuga, að kostnaður sá sem hjer ræðir um og krafist er endurgreiðslu á, er ekki sveitarstyrkur, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 61, 27. júní 1921, og er því þegar af þessari ástæðu samkvæmt berum orðum 1. mgr. lagagreinarinnar ekki heimilt að leggja sjúkrakostnað þenna á aðra sveit en framfærslusveitina, nema að svo miklu leyti, sem ríkissjóður kann að eiga að bera nokkuð af honum.

Því úrskurðast: Stykkishólmshreppur endurgreiði bæjarsjóði Reykjavíkur nefndar kr. 33.33.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hreppsnefndinni og annist þjer um að úrskurðuð upphæð verði greidd án tafar.

60 **STAÐFESTING KONUNGS** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð **11. sept.** Stefáns Magnússonar og Ingibjargar Magnúsdóttur, Flögu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherranum 11. september 1924. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Stefáns Magnússonar og Ingibjargar Magnúsdóttur, Flögu.

1. gr.

Þann 4. nóvember 1919 á fimtíu ára hjúskaparafmæli Stefáns Magnússonar og Ingibjargar Magnúsdóttur á Flögu í Vatnsdal, var þeim afhent 800.00 (átta hundruð) króna gjöf, sem var frá börnum þeirra, sveitungum og vinum, og skyldi með fje þessu stofna sjóð, til minningar um þau, er bera skyldi þeirra nafn. Að öðru leyti áttu þau hjón, að semja skipulagsskrá fyrir sjóðinn, og ákveða tilgang hans, ávöxtun og stjórn.

2. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Stefáns Magnússonar og Ingibjargar Magnúsdóttur.

3. gr.

60

11. sept.

Fyrst um sinn skal ávaxta sjóðinn í Sparisjóði Austur-Húnavatnssýslu, og síðar, ef tryggara þykir, í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og áskotnist sjóðnum síðar fé við gjafir eða áheit legst það við höfuðstólinn.

4. gr.

Vextir sjóðsis skulu leggjast óskertir við höfuðstólinn, þar til árið 1928. Það ár má í fyrsta sinn úthluta 30.00 (þrjátíu) krónum af vöxtunum, samkvæmt 5. grein, og sömu upphæð árlega í næstu 10 ár á eftir. Árið 1938 má í fyrsta sinn úthluta 40.00 (fjörutíu) krónum af vöxtunum, og þeirri upphæð árlega í 10 ár. Upp frá því, og í fyrsta sinn árið 1948 má verja árlega allt að $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna, samkvæmt 5. grein, þar til sjóðurinn er orðinn 10000.00 (tíu þúsund) krónur, en úr því allt að $\frac{4}{5}$ hlutum vaxta. Þó skal aldrei ganga nær vöxtunum en svo, að úthlutunarupphæðin sje deilanleg með 5. Allir aðrir vextir, sem hjer hefir eigi verið ráðstafað, leggjast við höfuðstólinn, og hið sama gildir um alla vextina, ef eitt eða fleiri reikningsár ekki þykir ástæða til að úthluta af þeim. Þegar sjóðurinn samkvæmt framansögðu hefir aukist upp í 20000.00 (tuttugu þúsund) krónur, má, ef ástæða virðist til, úthluta öllum vöxtum hans að $\frac{9}{10}$ á ári hverju, samkvæmt 5. grein.

5. gr.

Sjóður þessi skal vera til styrktar fátækustu ábúendunum, hvort sem eru gift hjón, ekkjumenn eða ekkjur, sem ekki þiggja eða hafa þegið fátækrastrýrk, og sem búa á svæðinu frá Vatnsdalshólum að norðan og suður Vatnsdal eins og byggð nær til heiða. Að öðru leyti eru styrkskilyrði þau, að hlutaðeigendur hafi fyrir þrem eða fleiri ómögum að sjá, hvort sem eru börn eða gamalmenni, eða hvorttveggja, en fjárhagur svo þröngur, að fjölskyldunni geti ekki liðið sæmilega vel af eigin efnum. Sje um sjerstakt heilsuleysi að ræða, eða óviðráðanleg óhöpp, getur stjórnarnefnd sjóðsins úthlutað fje til þeirra, sem eigi hafa þrjá ómaga á framfæri, ef alt annað mælir með, að þeir þarfnist þess öðrum fremur. Enn eru það og almenn skilyrði fyrir styrk þessum, að þeir, sem hann þiggja, hafi óflekkað mannorð, hafi jarðarabúð og landbúnað sjer að atvinnu, og sjeu iðjusamir, reglusamir og sparsamir.

Meðan úthlutunarupphæð sjóðsins nær ekki 100.00 krónum, skal hún einungis veitt einu heimili, slíku er að ofan greinir. Þar eftir má úthluta tveimur, ef ástæða er til, og loks þremur, þá úthlutunarupphæðin nær 300.00 krónum, en ávalt skal fjenu skift hlutfallslega, eftir þörfum og ástæðum styrkþiggjenda, að dómi sjóðstjórnarinnar.

6. gr.

Umráðamenn og stjórnendur sjóðsins sjeu ábúendurnir á þrem jörðum í Vatnsdal, Kornsa, Flögu og Hnjúki. Konur jafnt sem karlar geta því skip-

60 að stjórnina, sjeu þær ábúendur þessara jarða. Stjórnin heldur gjörðabók
11. sept. fyrir sjóðinn og innfærir í hana skipulagsskrá þessa, einnig fundargerðir sín-
 ar og reikninga sjóðsins á hverju ári.

Reikningsár sjóðsins sje frá nýjári til nýjárs og leggjast reikningar
 hans árlega fyrir sýslufund Austur-Húnavatnssýslu til samþyktar.

Stjórn sjóðsins skal árlega halda aðalfund sinn 4. nóvember og úthluta
 þá styrknum eftir bestu samviskusemi og þekkingu á högum manna, án þess
 umsóknir þurfi að liggja fyrir.

Leita skal stjórnarvaldastaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Flögu, 12. september 1920.

Stefán Magnússon. Ingibjörg Magnúsdóttir.

61
12. sept.

REGLUGJÖRÐ

um

hundahald í Reykjavík.

1. gr.

Á kaupstaðarlóð Reykjavíkur má enginn hafa hund, en annarsstaðar í
 lögsagnarumdæminu getur borgarstjóri leyft þarfahunda, og skal hver hund-
 eigandi hlíta ákvæðum reglugjörðar fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur um
 lækningu hunda af bandormum o. fl., 26. okt. 1910.

2. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 100—1000 krónum, og
 er hver hundur rjettdræpur, sem fyrirfinst í lögsagnarumdæminu, ef ekki er
 fengin heimild fyrir hann, nema hann fylgi utanbæjarmanni.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 25. september 1924 og skal fyrir þann dag
 fá leyfi borgarstjóra fyrir þarfahunda.